

1868

Fimmtudaginn 28. október 1993.

Nr. 172/1993. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Halldóri Einarssyni

(Örn Clausen hrl.).

Þjófnaður. Tilraun. Fjársvik. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða vegna viðurlaga eingöngu. Krefst hann þess, að refsing verði milduð og refsivist skilorðsbundin. Af hálfu ákærvalds var málinu áfrýjað með stefnu 15. apríl 1993 til þyngingar refsingu.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Halldór Einarsson, greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. mars 1993.

Ár 1993, mánudaginn 15. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-67/1993: Ákærvaldið gegn Halldóri Einarssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 2. febrúar sl., gegn „Halldóri Einarssyni, Vesturgötu 14, Reykjavík, fæddum 21. apríl 1960, fæðingarnúmer 357, fyrir eftirgreind brot, framin í Reykjavík:

I.

Fyrir að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 22. júlí 1992 brotist í þjófnaðarskyni inn í verslunina Krisco, Skólavörðustíg 21, en lögreglumenn komu að honum á vettvangi.

Telst þetta varða við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Í nóvember 1991 notað í staðgreiðsluviðskiptum í versluninni Nóatúni, Nóatúni 17, tékka, að fjárhæð 13.194 kr., sem hann gaf út til verslunarinnar á reikning sinn nr. 29082 hjá Búnaðarbanka Íslands, Austurstræti 5, Reykjavík, þrátt fyrir það að hann ætti ekki innstæðu fyrir andvirði tékkans, en tékkareikningi hans var lokað vegna misnotkunar 14. október 1991.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefjast eftirgreindir skaðabóta:

Ósk Auðunsdóttir vegna verslunarinnar Krisco, 22.215 kr.

Verslunin Nóatún, 13.194 kr.“.

Málavöxtum er nægilega lýst í ákæru.

Með skýlausri játningu ákærða þykir sannað, að hann hafi framið brot þau, sem honum eru gefin að sök og réttilega eru færð til refsíákvæða í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hlaut hann frá árunum 1983 til 1987 samtals sjö refsídóma fyrir þjófnað, skjalafals og brot gegn fíkniefnalöggjöf, og nam samanlögð óskilorðsbundin refsivist hans 31 og hálfum mánuði. Hinn 12. maí 1989 hlaut ákærði níu mánaða fangelsi fyrir þjófnað, og voru 240 daga eftirstöðvar reynslulausnar dæmdar með. Hinn 7. maí 1990 var í Hæstarétti kveðinn upp dómur í ofangreindu máli, og skyldi refsingin skilorðsbundin í þrjú ár frá uppsögu dómsins. Auk þessa hefur ákærði sjö sinnum sæst á sektargreiðslur fyrir brot gegn umferðarlögum og fíkniefnalöggjöf.

Ákærði hefur rofið skilorð ofangreinds hæstaréttardóms, og ber því eftir reglum 60. gr. almennra hegningarlaga að taka skilorðsdóminn upp og dæma með þessu máli. Þykir refsing ákærða með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í tíu mánuði.

Ákærði hefur samþykkt fram komnar skaðabótakröfur, og verða þær teknar til greina.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

1870

D ó m s o r ð:

Ákærði, Halldór Einarsson, sæti fangelsi í tíu mánuði.

Ákærði greiði Ósk Auðunsdóttur vegna Verslunarinnar Krisco 22.215 kr. og versluninni Nóatúnum 13.194 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 1. 11. 1991 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.
